

ÁSTANDIÐ Í NIFLHEIMI

Persónur: Pulur, Óðinn, Huginn, Muninn. Ratatoskur, Níðhöggur, Frigg, Eir

- Pulur:** Sleipnir skeiðaði gegnum loftið og Óðinn var hress í bragði þó að hann sviði í augnatóftina. Hrafnarnir voru léttir á öxlunum og honum líkaði vel að vera ekki lengur einn á ferð.
- Óðinn:** Nú hef ég skoðað Urðarbrunn og Mímísbrunn en Hvergelmi hef ég ekki séð nema úr fjarska. Við skulum koma þangað og líta á hinn viðurstyggilega Níðhögg sem nagar askinn.
- Pulur:** Sleipnir tók óðara stefnu í norður og innan skamms var Niflheimur framundan. Það rann upp fyrir Óðni að þó að hann hefði dvalið alla sína bernsku og æsku á jötnaslóðum hafði hann aldrei komið svona norðarlega. Hér var allt frosið og kuldinn skelfilegur. Hrafnarnir þrýstu sér þétt að vöngum Óðins til að halda á honum hita. Þeir þeystu áfram gegnum hríðarmuggu þar til rótin blasti við.
- Huginn:** Mér finnst alltaf jafnundarlegt að hún skuli þola þennan kulda.
- Óðinn:** Askurinn er einstakt tré.
- Pulur:** Þeir fylgdu rótinni niður á við og komu loks að Hvergelmi.
- Óðinn:** Þetta er mikill brunnur enda renna öll vötn veraldar úr honum.
- Muninn:** Hér er margt um manninn.
- Pulur:** Í fjarska sáu þeir fjölda fólks sem hafði látið lífið á sóttarsæng, úr elli eða af slysförum. Það þokaðist áfram og stefndi niður á við þar sem glitti í dyr Heljar.
- Huginn:** Og þarna situr Níðhöggur og drekkur blóð eins og venjulega.
- Óðinn:** Þetta er andstyggileg skepna.

Huginn: Svo lætur hann sér ekki nægja að ráðast á dauða úr mannheimum, hann nagar líka rót trésins.

Óðinn: Það gerir hann af meinfýsni og eyðileggingarhvöt en ekki hungri. Þó mun honum ekki takast að farga askinum, skapanornirnar sjá til þess.

Pulur: Fylking dauðra mjakaðist ofurhægt áfram í hálfgerðu ráðaleysi.

Óðinn: Ég held að þeir ættu að koma sér inn áður en drekinn nær þeim.

Huginn: Það er ekki til fagnaðar að flýta sér. Í söllum heljar ríkir óreiða sem á sér engan líka í heiminum. Hinir framliðnu þvælast um í reiðileysi og enginn veit hvar hann á að vera.

Óðinn: Já, við bræðurnir gleymdum að hugsa fyrir því hvað tæki við eftir dauðann, nema hjá einherjum. En við gáfum þeim þó vitið og það hefur áreiðanlega hjálpað þeim til að lifa lífinu. Og við sköpuðum Kvasi sem helgar sig því að fræða þá og upplýsa.

Pulur: Rétt í því kom Ratatoskur þjótandi niður stofninn og sneri sér að Níðhögg.

Ratatoskur: Örninn segir að senn verði ragnarök og þá munir þú falla fyrir óvinum.

Níðhöggur: Segðu þeim auma lygara að ég muni standa af mér þá orrahríð en logar Múspellssona steikja hann sjálfan í ragnarökum.

Pulur: Ratatoskur hentist af stað aftur. Hann virtist ekki unna sér hvíldar eitt andartak.

Óðinn: Við skulum yfirgefa þennan dapra stað.

Pulur: Hann sló í Sleipni sem sveif upp í loftið. Þegar þeir komu yfir Miðgarð drap hann niður fæti og skildi eftir sig hömrum girt svæði.

Óðinn: Fallegur þykir mér staðurinn sá arna og ég nefni hann Ásbyrgi. Þar held ég að mennirnir muni eiga marga gleðistund.

Pulur: Þeir lentu heilu og höldnu í Ásgarði um það bil sem einherjar risu upp eftir bardaga dagsins. Eins og venjulega var handagangur í öskjunni

þegar þeir tíndu á sig hausa, hendur og aðra afhöggna limi og bjuggust til að stika inn í Valhöll og hefja gleðskapinn. Frigg kom hlaupandi og faðmaði Óðin að sér.

Frigg: Hvað kom fyrir þig?

Óðinn: Ég gaf augað fyrir sopa úr viskubrunninum og það var þess virði.

Frigg: Nú sendi ég eftir Eir og bið hana að hreinsa sárið og binda um það.

Óðinn: Já, gyðja lækninganna græðir flest sár.

Pulur: Ekki stóð á Eir hún þurrkaði storknað blóðið, bar græðandi smyrsl á og lagði mjúk laufblöð yfir.

Eir: Ég legg til að þú hvílir þig vel til morguns og þá hygg ég að sárið verði gróið þó að ekki geti ég gefið þér augað aftur.

Óðinn: Ég kemst af án þess enda hef ég mér til aðstoðar þessa sómahrafna sem verða mér bæði augu og eyru.

Pulur: Svo leiddi hann Frigg inn í Valhöll, fékk sér vænan sopa af Heiðrúnarmiði og sofnaði vært.